

58 km hraða miðað við klst. á Hringbraut í Keflavík hinn 12. ágúst 1975, en leyfður hámarkshraði þar er 35 km miðað við klst. Verður ekki talið, að ákærði hafi sýnt fram á, að þau atvik hafi verið fyrir hendi, sem gert hafi framangreindan akstur refsilausan. Telst hann því hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt lýst. Er háttsemin og færð þar til rétttra refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, kr. 7.500, til ríkissjóðs, en í stað sektarinnar komi 3ja daga varðhald, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa. Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Ólafsson, greiði sekt, kr. 7.500, til ríkissjóðs, en í stað sektarinnar komi varðhald í 3 daga, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. maí 1979.

Nr. 74/1979. **Guðmundur Ásgeirsson**
 gegn
bæjarsjóði Neskaupstaðar.

Kærumál. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem bókuð var í bæjarþingsbók Neskaupstaðar 23. janúar 1979. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrund-

ið og lagt fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Kröfur varnaraðilja, aðalstefnanda í héraði, voru ekki lagðar til sátta fyrir sáttamenn, shr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, en málið var ekki undanþegið sáttatilraun þeirra. Aðiljar höfðu eigi heldur samið um að ganga fram hjá sáttanefnd, shr. 11. tl. 3. mgr. nefndrar greinar og 2. gr. laga nr. 46/1950. Samkvæmt þessu og þar sem enn fremur má fallast á hinn kærða dóm að því er varðar gagnsök í héraði, ber að ómerkja meðferð málsins fyrir héraðsdómi og vísa því frá héraðsdóminum.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að í greinargerð sinni til héraðsdóms tjáði sóknaraðili sig ekki skýrlega um þær kröfur, sem varnaraðili hafði uppi á hendur honum í aðalsök í héraði, svo sem honum bar að gera samkvæmt 1. mgr. 106. gr. laga nr. 85/1936. Sést eigi, að hann hafi tekið skilmerkilega afstöðu til krafna fyrr en við munnlegan flutning máls. Þá athugast enn fremur, að dómþing var háð og vitni yfirheyrt hinn 18. október 1978, án þess að séð verði, að varnaraðilja eða umboðsmanni hans væri tilkynnt um þinghaldið. Þá virðist sóknaraðilja ekki hafa verið tilkynnt uppsaga hins kærða frávisunardóms fyrr en á dómþingi 23. janúar 1979 þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936.

D ó m s o r ð :

Meðferð máls þessa fyrir héraðsdómi á að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 19. desember 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 20. október sl., hefur bæjarsjóður Neskaupstaðar höfðað fyrir „aukadómþingi Neskaupstaðar“ (sic) með stefnu, útgefinni hinn 25. maí 1977, á hendur Guðmundi Ásgeirssyni, Melagötu 2 hér í bæ, til greiðslu

á viðskiptareikningsskuld að fjárhæð kr. 288.446 með 2.5% vanskilavöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á kröfum aðalstefnanda, að frá 1. ágúst 1977 reiknist 3% vanskilavextir til greiðsludags.

Af hálfu aðalstefnda, sem gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, eru ekki gerðar dómkröfur í aðalsök, þar eð stefndi telur sig ekki geta svarað kröfum stefnanda fyrr en mat það, er hann hafi beðið um í málinu, liggi fyrir.

Við munnlegan flutning málsins krafðist aðalstefndi sýknu í aðalsök að undanteknu því, að hann viðurkennir, að sér beri að greiða kr. 72.744 af stefnufjárhæðinni.

Í gagnstefnu, sem út er gefin þann 17. febrúar 1978, gerir aðalstefndi þær kröfur, að bæjarsjóður Neskaupstaðar verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 812.000 með 2½% vöxtum frá 1. september 1976 til 1. ágúst 1977 og með 3% vöxtum frá 1. ágúst 1977 til greiðsludags fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins. Þess er krafist, að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalsök að svo miklu leyti sem til þarf og sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um afganginn, en til vara, að kveðinn verði upp sjálfstæður dómur um allar dómkröfur í gagnsök. Þá er þess krafist, að gagnsakarmálið verði sameinað aðalmálinu.

Í gagnsök krefst aðalstefnandi sýknu af gagnstefnukröfum og greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

II

Í stefnu og greinargerð aðalsakar er málavöxtum lýst svo, að stefnukrafan sé vegna kostnaðar við vinnuframkvæmdir á lóðinni Melagötu 2, Neskaupstað, á árinu 1976, sem stefnandi hafi framkvæmt, en stefnda beri að greiða að öllu leyti. Hér sé um að ræða vinnu og efniskaup auk viðskiptareikningsskuldar um áramót 1975—1976, kr. 13.554. Vinnan sé einkum fólgin í uppgrefti, rörlagningum, vatnslögn, pípulögn, frágangi á læk og akstri. Efnisnótur séu einkum vegna kaupa á rörum og mól. Allir séu reikningarnir vegna Melagötu 2, Neskaupstað.

Í greinargerð stefnda í aðalsök er málavöxtum lýst svo, að með bréfi, dagsettu 17. nóvember 1975, sem sé útskrift úr fundargerðabók bæjarsjóðs Neskaupstaðar frá 20. október 1975, komi

fram erindi frá Guðmundi Ásgeirssyni, Melagötu 2, Neskaupstað, þar sem hann óski eftir makaskiptum á lóðum við Melagötu 2 og landræmu austan Melagötu 2 vegna væntanlegrar viðbyggingar við húseignina Melagötu 2. Erindi þetta hafi verið samþykkt með öllum atkvæðum bæjarfulltrúa þann 7. nóvember 1975, með þeim fyrirvara þó, að bæjarsjóður taki ekki þátt í kostnaði við framkvæmdir innan lóðarmarka, en um landræmuna austan Melagötu 2 hafi runnið opinn fráfrennslislækur.

Í gagnstefnu er málavöxtum aðalsakar lýst svo, að aðalstefnandi krefji aðalstefnda um greiðslu á reikningum fyrir malarflutninga og fleira að upphæð kr. 288.446 auk vaxta og málskostnaðar. Telji aðalstefnandi hér vera um að ræða malarflutninga og fleira í þágu aðalstefnda vegna nýbyggingar að Melagötu 2A.

III

Aðalstefnandi leggur fram ýmis málsskjöl auk stefnu og greinargerðar og skýrir gögn þessi í greinargerð. Í greinargerðinni segir síðan, að ljóst sé, að stefnandi eigi að bera sjálfur að óskiptu allan framkvæmdakostnað innan umræddrar lóðar nr. 2 við Melagötu og allar framkvæmdir, sem stefnandi hafi annast án beiðni stefnda, hafi verið bráðnauðsynlegar og enga bið þolað. Samkvæmt samkomulagi málsaðilja og eðli máls eigi stefndi ótvírætt að greiða allan umræddan kostnað.

Í greinargerð stefnda í aðalsök segir, að þar sem fjarlægð milli gatna, Melagötu og Hlíðargötu, á umræddu svæði sé 27 metrar, en lóð sú, sem úthlutað sé, sé samkvæmt grunnleigusamningi 21.2 metrar, þá sé augljóst, að eigandi Melagötu 2 eigi ekki að greiða kostnað við framkvæmdir við fráfrennsli fulla 27 metra, en það hafi hann orðið að gera. Þá sé annað atriði enn mikilvægara, að lækur sá, er eigandi Melagötu 2 hafi látið setja í stokk, komi inn í lóðarmörk hans miklu neðar og austar, en bæjarsjóður hafi ekki sinnt um að ganga frá sínum hluta utan lóðarmarka og hafi eigandi Melagötu 2 orðið að sjá um þann þátt verksins til þess að geta byggt. Kostnaður við þessar framkvæmdir muni nálgast kr. 2.000.000 og sé því krafa bæjarsjóðs vegna reikninga fyrir efni og vinnu, að upphæð kr. 288.446, afar undarleg, en vegna þessa hafi eigandi Melagötu 2 farið fram á mat dómkvaddra manna, sem skipaðir hafi verið 25. nóvember 1976.

Í gagnstefnu kveðst aðalstefndi hafa neitað því, að umrætt verk hafi verið unnið í hans þágu, heldur hafi bæjarsjóður Nes-

kaupstaðar verið að koma í veg fyrir vatnsskaða af læk, sem hann taldi sig ekki hafa haft efni á að setja í stokk að sinni. Þá hafi aðalstefndi lagt fram matsgerð frá tveim byggingameisturum, þeim Ívari Kristinssyni og Haraldi Bergvinssyni, dagsetta 15. febrúar 1978, en þeir hafi verið dómkvaddir til þess að meta kostnað við holræsalögn milli Melagötu og Hólsögðu og skiptingu kostnaðar milli bæjarsjóðs Neskaupstaðar og Guðmundar Ásgeirssonar í því verki. Matsmenn hafi talið hlut bæjarsjóðs Neskaupstaðar í því verki vera kr. 812.000. Sé gagnkrafan reist á þeim staðreyndum. Þar sem gagnstefndi hafi reynst ófáanlegur til þess að gangast við þessum staðreyndum, sem meðal annars hafi verið gerð grein fyrir í greinargerð í aðalsök, sé gagnstefnandi nauðbeygður að höfða gagnsakarmál þetta.

Í greinargerð gagnstefnda segir, að gagnstefnan sé byggð á matsgerð, dagsettri 15. febrúar 1978, sbr. matsbeiðni, dagsetta 4. október 1976, og dómkvaðningu matsmanna, dagsettri 25. nóvember 1976. Sýknukröfu sína kveður gagnstefndi á því byggða, að honum sé ekki skylt að greiða þær framkvæmdir, er gagnstefnandi krefji hann um (sic). Síðan segir í greinargerðinni: „Í gagnstefnu, dómsskjal nr. 34, segir: „dómkvaddir til að meta kostnað við holræsalögn milli Melagötu og Hólsögðu og skiptingu kostnaðar milli bæjarsjóðs Neskaupstaðar og Guðmundar Ásgeirssonar í því verki.“ Er þetta eina lýsing gagnstefnanda á gagnstefnukröfunni, og ekki er gagnstefnukrafan rökstudd frekar.“ Í greinargerðinni segir síðan, að gagnstefnandi hafi aldrei óskað eftir, að bæjarsjóður framkvæmdi holræsalögn milli Melagötu og Hólsögðu, en krefji samt í gagnstefnu um fjárupphæð samkvæmt áliti matsmanna. Jafnvel þótt gagnstefnda væri skylt að framkvæma umrædda holræsalögn eða hluta hennar, sem sé mótmælt, þá sé það á valdi gagnstefnda, hvenær og hvernig staðið yrði að þeirri holræsalögn. Holræsalögn gagnstefnanda sé því algerlega á hans ábyrgð og kostnað og gagnstefnda óviðkomandi. Gagnstefndi heldur því fram, að samkvæmt matsbeiðninni hafi gagnstefnandi þegar látið framkvæma það, sem hann biðji um að meta til kostnaðarverðs. Matsbeiðnin sé því út í bláinn, fjárhæð gagnstefnukröfu ætti að vera jöfn upphæð útlagðs kostnaðar vegna þeirra framkvæmda, sem gagnstefnandi telji, að gagnstefndi ætti að greiða. Gagnstefndi kveður matið enn fremur ekki í samræmi við matsbeiðni og sé því ljóst, að fjárhæð gagnstefnukröfu sé alls ekki hægt að reisa á matsgerðinni. Mót-mælir gagnstefndi matsgerðinni að öðru leyti sem þýðingar-

lausri og óviðkomandi máli þessu og bendir á, að hún sé óstaðfest og meðfylgjandi teikning sé ófullkomin og ekki í samræmi við óskir matsbeiðanda. Gagnstefndi mótmælir enn fremur matsgerðinni sem vilhallri vegna þess, að gagnstefnandi annist bókhald og fjárreiður fyrir annan matsmanninn, en hinn sé nágranni gagnstefnanda. Meðal annars vegna þessa séu matsmenn vanhæfir. Þá mótmælir gagnstefndi matsgerðinni sem gallaðri, þar sem gagnstefnda hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðun til þess að gæta réttar síns. Auk þessa mótmælir gagnstefndi matsgerðinni sem rangri með vísan til ófullnægjandi og ónákvæms frágangs matsgerðarinnar sjálfrar.

Það athugast, að greinargerð hefur ekki verið lögð fram af hálfu aðalstefnda í gagnsök.

IV

Eins og mál þetta liggur fyrir, er rétt að víkja fyrst að gagnsökinni í málinu.

Megingrundvöllur kröfugerðar gagnstefnanda er framlögð matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, dagsett 15. febrúar 1978. Af matsgerð þessari verður eigi séð, að fyrirsvarsmönnum gagnstefnda hafi verið gefið færi á að gæta hagsmuna sinna í sambandi við matið, sbr. 1. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936. Er gagnsök-in þegar af þessari ástæðu svo vanreifuð, að eigi verður dómur á hana lagður. Ber því að vísa gagnsökinni ex officio frá dómi.

Málkostnaður dæmist eigi í þessum þætti málsins.

Dráttur sá, er orðið hefur á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af miklu annríki dómarans á þessum árstíma, þar eð hann er jafnframt innheimtumaður ríkissjóðs.

Dóm þennan kvað upp Þorsteinn Skúlason, bæjarfógeti í Neskaupstað.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Málkostnaður dæmist eigi.
